

From: [Garðar Páll Jónsson](#)
To: [afgreidsla@hornafjordur.is](#); [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](#); [akranes@akranes.is](#); [akureyri@akureyri.is](#); [arneshreppur@arneshreppur.is](#); [asahreppur@asahreppur.is](#); [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](#); [blonduos@blonduos.is](#); [bolungarvik@bolungarvik.is](#); [borgarbyggd@borgarbyggd.is](#); [dalir@dalir.is](#); [dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is](#); [drangsnæs@drangsnæs.is](#); [esveit@esveit.is](#); [eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is](#); [fjallabyggd@fjallabyggd.is](#); [fjardabyggd@fjardabyggd.is](#); [fjotsdalshreppur@fjotsdalur.is](#); [floahreppur@floahreppur.is](#); [gardabaer@gardabaer.is](#); [Grímsnes- og Grafningshreppur](#); [grindavik@grindavik.is](#); [grundarfjordur@grundarfjordur.is](#); [hafnarfjordur@hafnarfjordur.is](#); [horgarsveit@horgarsveit.is](#); [hrúni@fludir.is](#); [hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](#); [hve@hveragerdi.is](#); [hvolsvollur@hvolsvollur.is](#); [klaustur@klaustur.is](#); [kopavogur@kopavogur.is](#); [langanesbyggd@langanesbyggd.is](#); [mos@mos.is](#); [mulathing@mulathing.is](#); [myrdalshreppur@vik.is](#); [nordurthing@nordurthing.is](#); [oddviti@kjos.is](#); [olfus@olfus.is](#); [postur@isafjordur.is](#); [postur@seltjarnarnes.is](#); [postur@svalbardsstrond.is](#); [postur@vestmannaeyjar.is](#); [radhus@arborg.is](#); [radhus@reykjavik.is](#); [reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](#); [ry@ry.is](#); [skaga byggd@simnet.is](#); [skagafjordur@skagafjordur.is](#); [skagastrend@skagastrend.is](#); [skeidgnup@skeidgnup.is](#); [skorradalur@skorradalur.is](#); [skrifstofa@hunathing.is](#); [skrifstofa@tjorneshreppur.is](#); [skrifstofa@vogar.is](#); [skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is](#); [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](#); [snb@snb.is](#); [strandabyggd@strandabyggd.is](#); [stykkisholmur@stykkisholmur.is](#); [sudavik@sudavik.is](#); [sveitarstjori@grenivik.is](#); [sveitarstjori@reykholar.is](#); [talknafjordur@talknafjordur.is](#); [vesturbyggd@vesturbyggd.is](#)
Subject: Bréf frá Félagi atvinnuveiðimanna í ref og mink
Date: laugardagur, 22. mars 2025 14:02:11
Attachments: [Samningur um Refaveiði \(drög\).pdf](#)
[Samningur um minkaveiði \(drög\).pdf](#)

Sl, félagið sem ég er í formennsku fyrir heitir Bjarmaland og er félagsskapur atvinnuveiðimanna í ref og mink. Félagið var stofnað 2004 og félagsmenn eru um það bil 220 um land allt.

Eitt af markmiðum félagsins er að samræma stefnu sveitarfélaga um veiðar og greiðslur vegna þeirra, mikið ósamræmi er í þessum málaflokki milli sveitarfélaga og þeir launataxtar sem unnið er eftir eru fyrir löngu úr sér gengnir, þeir eru í grunninn síðan 1995 og fáir er nokkrir launþegar hér á landi vinna eftir kjarasamningum síðan 1995. Bent hefur verið á að umhverfisstofnun sé ábyrg fyrir þessum töxtum og það er rétt, síðasta ríkisstjórn gekk fram í því að stofnuð yrði nefnd til að réttlæta kjör veiðimanna, á þessum tímapunkti er ekki vitað hvernig staðan er á þeim málum. Vonandi verður sú ráðagerð að raunveruleika og nefndin réttlæti kjör félagsmanna þó að félagsmenn Bjarmalands séu ekki bjartsýnir, einnig er það mjög fátítt er að taxtar séu uppfærðir samkvæmt vísitölu eins og ætti að vera hvert ár, kostnaður við veiðar tekur mið af vísitölu og eftirtekja veiðimanna minnar ár frá ári.

Félagsmenn eru orðnir þreyttir að hafa lítil sem engin laun vegna vinnu sinnar og vonin er sú að sveitarfélögin á landinu átti sig á nauðsyn þess að halda stofnstærð þessara dýra á réttum stað þó það kosti sitt að viðhalda því ástandi.

Til að setja hlutina í samhengi þá kveða taxtar Umhverfisstofnunar á um það að tímakaup ráðinna veiðimanna sé 1615 kr/klst til viðmiðunar og að hámarki ,en tímalaun fjórtán ára unglings 1679 kr samkvæmt Kjarasamningi VR/LÍV og SA frá . Jan 2025. Og unglingurinn þarf hvorki búnað né hund við sína vinnu.

Nú er hægt að velta fyrir sér af hverju veiðimenn þurfa að hafa málsvara, það er ekkert nýtt að taumhald sé haft á stofnstærð þessara vargdýra og félagið kappkostar að félagsmenn vinni af fagmennsku við veiðar, Ókostir við að hafa ekki félagsmenn Bjarmalands við störf er að sú að reynsla og þekking sem félagsmenn búa yfir getur glatast og veiðar verði ómarkvissar, það hefur verið tilhneiging hjá sumum sveitarfélögum að bjóða út veiðar með því markmiði að

sleppa ódýrt frá þessum pakka, sem rúmast illa í höndum sumra sveitarfélaga. Þegar svoleiðs er staðið að hlutum er hættan að óvanir veiðimenn geri meiri óskunda en hitt og tapi í baráttunni við dýrin, fordæmi eru um slíkt, og til að greiða úr þeirri flækju þurfti ómældan tíma og aukin kostnað.

Á síðustu tveim árum hefur félagið komið að samningsgerð fyrir félagsmenn sína við nokkur sveitarfélög, unnið að stefnumótun með félagi æðarænda auk þess hafa félagsmenn sinnt verkefnum sem eru utan samningsbundinna veiða fyrir æðarbændur. Þetta hefur verið gott og þakklátt samstarf sem hefur verið að skila árangri.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst hvaða tjón minkur getur valdið í lífríki og eitt að markmiðum félagsins er að halda stofnstærð minks í algjöru lágmarki, til að það takist þarf að stunda veiðar með hundum ásamt gildruveiðum, leit með hundum ætti að skilyrða við friðlönd og æðarvörp. Reynslan hefur sýnt að friðlönd geta farið mjög illa ef minkaveiði er ekki stunduð með hundum, fuglatalningar síðustu ára á þessum svæðum hefur sýnt það. Til að halda góða hunda þýðir aukin kostnað og þjálfun og veiðimönnum hefur ekki verið gert það auðvelt. Með því að aðskilja veiðar með hundum frá veiðum sem stundaðar eru eingöngu með gildum, og greiða sérstaklega fyrir þær, má auka þann slagkraft sem hundaveiðimenn hafa.

Eins og áður segir er eitt af markmiðum félagsins að samræma greiðslur vegna veiða um allt land, með þessu erindi fylgja eintök af grunnsaming sem við höfum sett saman og ætti að tryggja mannsæmandi greiðslur vegna þessarar vinnu.

kv. Garðar Páll Jónsson

Formaður Bjarmalands.